

REGLUGERÐ**um gjöld fyrir einkaleyfi o. fl.**

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:	kr.
a) Umsóknargjald	1 550
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	6 000
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	350
d) Forgangsréttarskjal	650

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	500
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	350
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi	650

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984 11 200
Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	
a) Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	5 000
b) Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	19 000
c) Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	38 000

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 469, 17. desember 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 17. desember 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.